

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 353/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1524 frá 11. október 2018 um að koma á vöktunaraðferð og um fyrirkomulag um skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 43.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5oca (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1523) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ocb. **32018 D 1524**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1524 frá 11. október 2018 um að koma á vöktunaraðferð og um fyrirkomulag um skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 43.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 3. gr. koma orðin „á milli 1. janúar þriðja almanaksársins og 22. desember fjórða almanaksársins eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2021 frá 10. desember 2021“ í stað orðanna „á milli 1. janúar 2020 og 22. desember 2021“, að því er EFTA-ríkin varðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 256, 12.10.2018, bls. 108.

- b) Í 3. mgr. 3. gr. koma orðin „á milli 23. Júní og 22. Desember fjórða almanaksársins eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2021 frá 10. desember 2021“ í stað orðanna „á milli 23. júní 2021 og 22. desember 2021“, að því er EFTA-ríkin varðar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/1524, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 43, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 frá 5. febrúar 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Verður birt.